



# Öryggisáætlun 2022 - 2023



Leikskólinn

# Akrasel

Náttúra - Næring - Nærvera

Unnið af öryggisteymi Akrasels  
AKRANESKAUPSTAÐUR

## Inngangur

Tilgangur með gerð skriflegrar áætlunar um öryggi og heilbrigði í leikskólum Akraneskaupstaðar er að fyrirbyggja og draga úr áhættu á slysum, óhöppum, álagi, vanlíðan og heilsutjóni sem starfsfólk getur orðið fyrir við störf sín.

Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði felur í sér sérstakt áhættumat sem unnið er af öryggisnefnd hvers leikskóla fyrir sig.

Áætlun um heilsuvernd og forvarnir eru í samræmi við niðurstöður áhættumats, matið leiðir til úrbóta sem öryggisnefnd og skólastjórnendur fylgja eftir í samvinnu við húsvörð og umsjónarmenn fasteigna.

Með áætlun um öryggi og heilbrigði í leikskólum Akraneskaupstaðar viljum við tryggja sem best vellíðan allra starfsmanna. Draumurinn er að áætluninni sé fylgt þannig að vinnuverndarstarf sé órjúfanlegur þáttur í daglegu starfi.

Árangur af hinu kerfisbundna áhættumati verður metinn reglulega í samráði við öryggisnefnd skólans og úrbætur gerðar eftir því sem niðurstöður árangursmatsins gefa tilefni til.

Áætlunin um öryggi og heilbrigði er aðgengileg á heimsíðu hvers leikskóla.

## Öryggisnefnd leikskólans

Öryggistrúnaðarmaður Akrasels

Telma Björk Helgadóttir, netfang: [telma@akrasel.is](mailto:telma@akrasel.is)

Öryggisvörður Akrasels

Guðrún Bragadóttir skólastjóri, netfang: [guðrun.bragadottir@akrasel.is](mailto:guðrun.bragadottir@akrasel.is)

Öryggisvörður – og eftirfylgd viðhalds

Lárus Guðjónsson húsvörður, netfang: [larus.gudjonsson@grundaskoli.is](mailto:larus.gudjonsson@grundaskoli.is)

## Innra starf:

Efnispáttur	Athugasemdir/ áhætta	Aðgerðir/ úrbætur	Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili
<b>Vinnuverndarstarf</b>			
<p><b>Skipulag og virkni vinnuverndarstarfsins</b></p> <p>Lagt er upp með kerfisbundið vinnuverndarstarf í Akraseli með gerð þessarar áætlunar og er hún sett upp með þeim hætti að auðvelt er að vinna markvisst að úrbótum með eftirfylgd, tímaáætlun og settum ábyrgðaraðila.</p> <p>Í skólanum starfa öryggisvörður og öryggisfulltrúi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Guðrún Bragadóttir, skólastjóri, er öryggisvörður fyrir hönd Akraneskaupstaðar</li> <li>Lárus Guðjónsson, húsvörður er öryggisvörður og sér um eftirfylgd og viðhald.</li> <li>Telma Björk Helgadóttir er öryggistrúnaðarmaður skólans</li> </ul> <p>Að gerð þessarar áætlunar unnu Anney Ágústsdóttir, fyrrum skólastjóri og öryggisvörður, Grúður Bragadóttir leikskólastjóri, Sigurrós Ingimarsdóttir aðstoðaleikskólastjóri og Telma B. Helgadóttir þroskaþjálfari, starfsmaður í sérkennslu á deild. Telma Björk og Guðrún Bragadóttir, skólastjóri og núverandi öryggisvörður hafa ekki sótt námskeið.</p> <p>Áætlunin verður kynnt og yfirfarin á starfsdegi á haustönn auk þess sem reglulega umræða fer fram í skólanum og athugasemdum haldið til haga og settar í farveg.</p> <p>Áhættumat er til fyrir flest svæði skólans þar sem rými eru skilgreind og til hvaða þátta þarf að horfa þegar kemur að vinnuvernd auk þess sem deildir leikskólans skiptast á að fara yfir leiksvæði í byrjun hvers</p>	<p>Samantekt efnispátta um öryggisáætlun og vinnuverndar var ekki til í einuu skjali eða samantekt.</p> <p>Langt um liðið frá því starfsmenn fóru á námskeið</p> <p>Leikskólastjóri og öryggistrúnaðarmaður fari á námskeið fyrir öryggistrúnaðarmenn.</p> <p>Setja þarf fastan tíma fyrir kynningu fyrir alla starfsmenn</p>	<p>Áætlun þessi er líður í úrfbótum</p> <p>Anney sótti námskeið öryggistrúnaðarmanna námskeið í sept. 2022</p> <p>Guðrún og Telma skrá sig á öryggistrúnaðarnámskeið</p> <p>Starfsdagur í nóvember eða febrúar</p>	<p>Október 2022</p> <p>Veturinn 2022 - 2023. Guðrún og Telma.</p> <p>Leikskólastjóri</p>

<p>dags. Það er gert til að kanna ástand leiktækja og að á lóðinni hafi ekki verið skildir eftir hlutir sem eru hættulegir börnum.</p> <p>Í úttektum utanaðkomandi fagaðila, Verkís, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Skoðun ehf (löggildingaraðili fyrir skoðun á útileiksvæðum) hefur komið í ljós að Akrasel sem er á 15 starfsári kemur almennt vel út og aðstæður nokkuð góðar og heilsusamlegar (ekkert í umhverfi sem leiðir til veikinda eins og raki og myfla).</p> <p>Akrasel er heilsueflandi skóli og innan skólans er starfandi heilsueflingarteymi. Starfsfólk er hvatt til að taka þátt í heilsueflandi átökum eins og hjólað í vinnuna. Öðru hvoru hafa verið starfræktir gönguhópar. Akraneskaupstaður greiðir fyrir árskort í sund fyrir starfsfólk sitt og stéttarfélög greiða heilsustyrki til félaga sinna. Starfsfólk er hvatt til þess að stunda líkamsrækt. Hollt mataræði er í boði. Hvíldaraðstæður starfsfólks er í formi notalegrar kaffistofu þar er nuddsessa og tveir axlanuddpúðar, vatnsvél með köldu vatni og sóðavatni, kæliskápur, teppi og púðar. Þar má einnig finna teygjur sem gott er að nota við ýmiskonar æfingar.</p> <p>Kaffitímar hafa verið settir saman í einn kaffitíma, þannig og starfsmaður sem er í 100% starfi fær einn 35 mínútna langan kaffitíma um miðjan dag. Þetta er gert vegna óska frá starfsfólki. Kaffitímar eru fastir inn í skipulagi og starfsfólk getur gengið að skipulögðum kaffitímum enda er nauðsynlegt að starfsfólk fái hlé / hvíld yfir daginn. Starfsfólk hefur frjálstan aðgang að kaffistofu og má alltaf sækja sér hressingu.</p> <p>Stytting vinnuvikunnar skiptir starfsfólk töluverðu máli og miklar umræður hafa farið fram um útfærslu hennar. Ýmsar útfærslur</p>	<p>Yfirfara þarf útisvæðið í upphafi hvers dag.</p> <p>Betri upplýsingar til nýrra starfsmanna.</p>	<p>Deildirnar skiptast á að yfirfara útisvæðið áður en börnin fara út.</p> <p>Bæta þarf inn í starfsmannahandbók /starfsmannakver</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>-upplýsingum um árskort í sund.</li> <li>-Heilsueflandi starf</li> </ul>	<p>Daglega og deildarstjórar bera ábyrgð á því.</p> <p>Október 2022. Leikskólastjóri sér um.</p>
---	---	---	--

<p>hafa verið gerðar á styttingunni og prófaðar. Þetta skólaár var ákveðið að hver starfsmaður fyrir sig gerði samning við skólalastjórnenndur um með hvaða hætti þeir tækju út 13 mínútna vinnustyttingu sem safnast upp daglega miðað við 100% starf. Starfsmenn gera samning og nýta vinnustyttingu með mismunandi hætti. Sumir taka út í fríi milli jóla og nýárs aðrir óska eftir annarskonar nýtingu, liður í velferð starfsmanna er að taka tillit til þarfa.</p> <p>Haustið 2022 hafa orðið breytingar á samsetningu barnahópsins og fleiri og yngri börn eru í leikskólanum en áður. Mikilvægt er að starfsfólk noti rétta líkamsbeitingu og að húsbúnaður sé við hæfi. Þörf er á fræðslu um rétta líkamsbeitingu frá sjúkraþjálfara. Í öllum vinnurýmum eru mismunandi tegundir af vinnustólum. Á yngrideildum eru rafdrifin skiptiborð til að aðstaðan henti öllu starfsfólki. Einnig er trappa við skiptiborðin til að börnin geti sjálf klifrað upp á.</p> <p>Á TEAMS fundi með fulltrúa Vinnueftirlits í febrúar 2022 var farið yfir nokkra þætti vinnuverndar í Akraseli sem sneri að andlegri og félagslegri hollustu starfsmanna og þar kemur skýrt fram að mikið er lagt á sig í vinnuskipulagi til að koma til móts við óskir og þarfir starfsfólks. Einnig var rætt um fermetra fjölda í leikstrými fyrir hvert barn og fermetra fjölda sem starfsmenn taka af leikstrými barna.</p>	<p>.Þetta fyrirkomulag hentar vel Flestir starfsmenn vinna 8 klst.á dag, en þeir sem eru í minni prósentu taka kaffi tíma um morguninn.</p> <p>Yngri börn og meiri hætta á rangri líkamsbeitingu. Sjá kafla um fræðslu og þjálfun.</p> <p>Of mörg börn saman á deildum</p>	<p>Kynna fyrir nýjum starfsmönnum Endurskoðað í loka hvers starfsárs og við upphaf starfsárs leiksóla Nýr starfsmaður skrifar undir samning um samkomulag.</p> <p>Fræðsla til starfsmanna um mikilvægi réttar líkamsstöðu á</p> <p>Fækkun barna í húsinu Úr 150 börnum í 141 barn.</p>	<p>Leikskólalastjóri og deildastjórar Endurskoðun maí og ágúst.</p> <p>Starfsárið 2022-2023 ábyrgð leikskólalastjóri starfsmannafund / skipulagsdag.</p> <p>Kom til breytinga ágúst 2022</p> <p>Fyrirhugað er að fækka börnum enn frekar á deildum þegar Garðasel tekur til starfa vor 2023.</p>
--	--	--	--

Efnispáttur	Athugasemdir/ áhætta	Aðgerðir/ úrbætur	Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili
<p><b>Aðild fleiri atvinnurekenda</b></p> <p>Allar vörur sem koma í skólann koma inn um starfsmannainngang eða um inngang í eldhúsi. . Vörurnar eru settar inn á gólf eða borð í eldhúsinu, einnig skyldar eftir úti á vörubrettum ef um mikið af vörum er að ræða. Vagnar og trillur eru nýttar til að flytja vörur og þunga hlurti</p> <p>Ræsting hússins er höndum <i>Hreint - þrif og ræsting</i>. Þvottur á tuskum og þveglum fara fram fyrir utan leikskólann og eru geymd í ræstikompum leikskólans sem er aðstaða ræstipjónustunnar. Þvottur á tuskum og dreglum fara fram utan skólans og eru á þeirra ábyrgð.</p>	<p>Ganga þarf frá vörum sem koma inn í skólann til þess að þær séu ekki fyrir í gangvegi.</p> <p>Gæta þarf að ekki séu skór á gangvegi svo enginn detti um skófatnað.</p>	<p>Koma vörum inn í eldhús eða í viðeigandi geymslu í skólanum.</p> <p>Ganga þarf frá skófatnaðir</p>	<p>Stjórnendur og eldhúsfólk.</p> <p>Starfsfólk og stjórnendur</p>
<p><b>Fræðsla/þjálfun</b></p> <p>Stjórnendur taka á móti nýjum starfsmönnum þar sem farið er yfir helstu vinnuskyldur og áherslur skólans, gögn vegna ráðningar og trúnaðarskyldu. Nýr starfsmaður fær tíma til að lesa yfir starfsmannakver og handbækur um áherslur í starfsemi skólans. Deildarstjóri ber ábyrgð á að upplýsa starfsmenn um það helsta og koma þeim inn í starfið. Inn á hverri deild hangir uppi vinnuskipulag fyrir hverja viku í senn og fer deildarstjóri yfir með starfsmönnum hvaða verkum þeir eiga að sinna. Í flestum tilfellum skipta starfsmenn með sér verkum þannig að starfið verður fjölbreytt og álag dreift.</p> <p>Vegna ungra barna í leikskólanum er mikilvægt að kenna starfsfólki rétta líkamsbeitingu og vinnuvernd. Setja þarf fræðslu um vinnuvernd og líkamsbeitingu í endurmenntunaráætlun og fræðslu 2022 -2023.</p>	<p>Tryggja þarf tíma fyrir nýja starfsmenn til að kynna sér nauðsynleg gögn. Nauðsynlegt er að yfirfara starfsmannakver og handbækur leikskólans reglulega.</p> <p>Yngri börn, þarf meira að halda á börnum og aðstoða þau.</p>	<p>Gefa starfsmanni svigrúm til þess að kynna sér tilætluð gögn</p> <p>Fá kynningu og fræðslu um líkamsbeitingu</p>	<p>Fyrstu vikunnar í starfi. Deildarstjóri og stjórnendur</p>

<p>Í úttekt kom fram að öryggisnefnd fundar ekki reglulega. Það hefur verið mjög erfitt að fá starfsmenn til þess að taka að sér öryggistrúnaðarstarfið – gert er ráð fyrir kostningu en starfsmenn hafa beðist undan. Í ár ver biðlað til starfsmanns og húsvörður virkjaður í öryggisnefnd.</p> <p>Ekki er reglulega fundað um öryggismál og hollustuhætti en regluleg umræða fer fram í skólanum og athugasemdum haldið til haga og reynt að bæta úr eins og kostur er.</p> <p>Starfsmenn eru almennt duglegirvið að láta stjórnendur vita ef eitthvað er í ólagi sem veldur hættu eða skemmdum.</p> <p>Lagt hefur verið til við skólasvið að leiksólarnir fái aðstoð við að koma skyldu námskeiðum í farrveg.</p> <p>Skyndihjálp, Brunavarnir, Barnavernd og Vinnuvernd</p>	<p>Gera þarf öryggistrúnaðarmanna starfið áhugaveðrara</p> <p>Vantar að tryggja skyldunámskeið og bæta vinnuvernd inn</p>	<p>kynningu fyrir starfsfólk um öryggismál og hollustuhætti reglulega.</p> <p>Mikilvægt að koma námskeiðum í skipulag og tímaás sem virkar og rúllar reglulega</p>	<p>Leikskólastjóri, starfsárið 2022-2023</p> <p>Skólaskrifstofa/ stjórnendur</p>
---	---	--	--

<p><b>Ungt starfsfólk</b> Starfsmaður þarf að vera 18 ára eða eldri til þess að vera ráðinn til starfa í leikskólann og eru það einstaka sumarafleysingastarfmenn sem ráðnir eru á þeim aldri. Yfirleitt eru almennir starfsmenn 20 ára eða eldri. Gæta þarf að nýir og yngri starfsmenn fái verkefni við hæfi og séu ekki settir í krefjandi aðstæður.</p> <p>Einstaka sinnum koma yngri starfsmenn en 18 ára í sumarafleysingar í gegnum Vinnuskólann. Það starfsfólk er aðstoðarfólk en ekki fullgildir starfsmenn og eiga að fá verkefni við hæfi. Vinnutími þeirra og vinnuskil (klukkustundir) taka mið af aldri og skipulagi frá Vinnuskólanum.</p>	<p>Unga óreynda starfsmenn má ekki setja í krefjandi aðstæður sem eru ógnandi eða kvíðvænlegar.</p>	<p>Passa dagskipulag þannig að unfur starfsmaður sé ekki einn á opnunar eða lokunavakt</p>	<p>Leikskólastjóri og deildastjórar þegar nýr starfsmaður byrjar</p> <p>Vinnuskólinn skipuleggur í júní í samráði við leikskólastjóra.</p>
<p><b>Þungaðar konur eða m/barn á brjósti</b> Flest störf innan leikskólans hæfa þunguðum konum en gæta þarf þess að verkefni séu við hæfi. Passa þarf að þær séu ekki að halda mikið á börnum, sleppa þeim við langar gönguferðir ef þær þurfa og langri útivist þar sem erfiðara getur verið að setjast niður og hvíla sig.</p>	<p>Verkefni við hæfi miðað við heilsufar hvers og eins.</p>	<p>Deildarstjóri skipuleggur verkefni á deild og færir til verkefni starfsmanna eftir þörfum.</p>	<p>Deildarstjóri og leikskólastjórar</p>
<p><b>Vinnuslys</b> Unnið er með vinnuslys samkvæmt lögum og reglum. <b>Vinnuslys eru tilkynnt með formlegum hætti</b> – óhöpp / slys eru skráð á þar til gert eyðublað og afrit sent tryggingarfélagi rekstraraðila <u>Tilkynna á vinnuslys á starfsfólki til Vinnueftirlitið ( vinnueftirlitid.is )</u> fylla út fyrir starfsmenn (inn á rafrænu skilríkjum þess sem slasast- ef ekki hægt þá á þínum skilríkjum).</p>	<p>Skráningareyðublað á neti. Kynna fyrir starfsfólki hvað og hvernig eigi að skrá slys.</p>	<p>Leikskólastjóri kynnir fyrir deildarstjórum fyrirkomulag skráninga Vantar aðstandendaskrá fyrir starfsfólks</p>	<p>Nóvember 2022 Alltaf í notkun Símetið</p>



## Hollustuhættir:

Efnispáttur	Athugasemdir/ áhætta	Aðgerðir/ útbætur	Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili
<p><b>Vinnurými</b></p> <p><b>Stærð</b> Húsið er 1100 m<sup>2</sup> og skiptist í tvær álmur, í hvorri álmur eru þrjár deildir, sérkennsluherbergi, starfsmanna salerni, ræstikompa og sameiginlegt fataherbergi í fataherbergi er salerni fyrir börnin til að nota á meðan útiveru stendur. Hver deild er 75 m<sup>2</sup> og hefur uppá að bjóða tvær leikstofur og salerni. Miðja hússins er þjónusturými, þar eru skrifstofur, kaffistofa starfsfólks, eldhús, þvottahús, starfsmanna salerni, salerni fyrir fatlaða, geymslur og salur. Í öllum rýmum hússins er brunaútgangur ef frá eru taldar geymslur, salerni, þvottahús og ræstikompur. Gönguleiðir eru góðar í skólanum, gætt er vel að því að neyðarútgangar séu ávallt aðgengilegir og greiðfærir. Neyðarljós eru við alla útganga. Skólinn var tekin í notkun árið 2008 ára og er skemmtilegt húsnæði en sem byggt fyrir þá starfsemi sem er þar fer fram. Verkfræðistofan Verkís tók út ástand hússins haust 2021 og allt kom vel ú á Akraseli.</p>	<p>Gott skipulag þarf að vera á svæðum leikskólans og nýtingu til þess að dreifa álaginu í húsinu.</p>	<p>Að hausti setja deildarstjórar upp stundarskrá og hópaskiptingu sem tekur mið af því að hafa hluta af börnunum úti og hluta inni. Einnig að skipta sameiginlegum svæðum á milli deilda.</p>	<p>Deildastjórar og leikskólastjórar ganga frá skiptingu sameiginlegra svæða.</p>
<p><b>Vinnurými kennara / starfsfólks</b></p> <p>Gott undirbúningsherbergi er í skólanum þar eru sex borðtölvur, sími og góðir vinnustólar, boðið er upp á heyrnartól til að nota við vinnu. Í undirbúningsherbergi er líka vinnuborð og þar inni eru rakatæki til að halda góðum loftgæðum. Það verður þó stundum heitt inn í herberginu þegar sólin skín. Í rýminu er opnanlegur gluggi til loftræstingar. Læstar skápageymslur eru til staðar fyrir gögn. Mikið af möppum / pappír er í rýminu og stór prentari er staðsettur í hliðarrými sem er ekki loftræst. Opnanlegir gluggar eru í rýminu þannig að loftgæðum má vel stýra. Gólf er þrifið tvisvar í viku en enginn föst þrif á búnaði ( tölvubúnaði, borðum ).</p>			

<p><b>Salerni</b> er þrjú fyrir starfsmannahópin, en auk þess getur starfsfólk nýtt salerni í miðju hússins sem er einnig ætlað fyrir fatlaða.</p>			
<p><b>Skrifstofa skólustjóra</b> er á móti starfsmannainngang skólans. Skrifstofan er rúmgóð, vinnuaðstaða fyrir leikskólustjóra, læstir skjalaskápar fyrir trúnaðargögn og rými fyrir fundi með allt að 4 einstaklingum. Almenn næði er gott. Gólf þrifin einu sinni í viku og annað ekki þrifið nema af skólustjóra sjálfum. Mikið af gögnum er í rýminu (pappír, möppur, námsgögn) og hætta á rykmengun. Opnanlegur gluggi er í rýminu til loftskipta. Það verður þó stundum heitt inn í herberginu þegar sólin skýn.</p>	<p>Afþurrkun ekki inn í ræstingu. Bæta úr glugga tjöldum þarf betri afskermun vegna sólar og hita sem myndast.</p>	<p>Loka að sér til að fá vinnufrið. Endurnýjun á gardínum á</p>	<p>Leikskólustjóri</p>
<p><b>Vinnurými aðstoðar- og sérkennslustjóra</b> Skrifstofan er rúmgóð, vinnuaðstaða fyrir aðstoðarleikskóla-/sérkennslustjóra, læstir skjalaskápar fyrir trúnaðargögn og rými fyrir fundi með allt að 10 einstaklingum. Almenn næði er gott. Gólf þrifin einu sinni í viku og annað ekki þrifið nema af aðstoðarskólustjóra sjálfum. Mikið af gögnum er í rýminu (pappír, möppur, námsgögn) og hætta á rykmengun. Opnanlegur gluggi er í rýminu til loftskipta. Það verður þó stundum heitt inn í herberginu þegar sólin skýn.</p>	<p>Bæta úr glugga tjöldum þarf betri afskermun vegna sólar og hita sem myndast.</p>	<p>Endurnýjun á gardínum á</p>	<p>Leikskólustjóri</p>
<p><b>Eldhús</b> Í eldhúsi eru tvær eldavélahellur, stór súpupottur, tveir gufuofnar og uppvottalína (<b>hiti, gufa</b>), sýna þarf varkárni í vinnu og umgengni í rýminu og sérstaklega þegar verið er að taka bakka fulla af mat úr ofni. Það er öflugur gufugleypi í eldhúsinu. Einnig eru 2 kæliskápar, 1 frystiskápur, 1 frystikistu og 2 mjólkurskammtarar. Starfsmenn eldhússins skrá daglega hitastig kæla og frysta skv. því sem skjáirnir sýna. HEV gerir kröfu á að lesið sé af kælundum daglega með lausum mælum eða skotmæli. Sem og kæli og frystivöru sem kemur til leikskólans. Rýmið er þröngt og mikill búnaður sem er staðsettur þar þannig að allt umferli og vinnu þarf að skipuleggja mjög vel til hlutirnir gangi vel upp. Þá eru</p>	<p>Gólf getur verið hátt</p>	<p>Passa uppá þrif og efnis val við gólfþrif</p>	<p>Leikskólustjóri</p>

<p>áhöld s.s. beittir hnífar, stór hrærivél, stór matvinnsluvél og fleiri tæki / áhöld sem þarf að sýna varúð með – umgengni annarra í eldhúsi en matráða er verulega takmörkuð.</p> <p>Hanskar ( hita og einnota) og svuntur eru til staðar í eldhús. Brunateppi er í eldhúsi.</p> <p><b>Heyrnarhlífar hafa verið boðnar og þarf að skoða það frekar með matráðum.</b></p> <p>Lögð er áhersla á skófatnað í þessu rými vegna bleytu og ef eitthvað dettur niður, leikskólinn leggur starfsmönnum skóbúnað í té. Þrátt fyrir að starfsmenn fá greidda fatapeninga mánaðarlega sem ætlað er að dekkja kostnað við vinnufatnað í eldhúsi.</p>			
<p><b>Kaffistofa</b></p> <p>Á kaffistofu starfsmanna er góð aðstaða til hvíldar, þar er nuddsessa og tveir axlanuddpúðar, vatnsvél með köldu vatni og sódavatni, kæliskápur, teppi og púðar. Þar má einnig finna teygjur sem gott er að nota við ýmiskonar æfingar.</p> <p>Opnanlegir gluggar, Mikil birta sólardaga</p>	Betri gardínur	Sólargluggatjöld	Leiksólastjóri
<p><b>Leikrými á deildum</b></p> <p>Á hverri deild eru 2 leikrými og salerni. Leikrýmin eru björt með stórum gluggum, hægt er að ganga út af öllum deildum á sólpall sem tilheyrir hverri deild. Á eldri deildum er borðaður hádegisverður í báðum rýmum og minna rýmið er einnig notað sem hvíldaraðstaða. Inni á öllum deildum eru rakatæki, plötur að veggspjöld sem draga úr hávaða og nokkrar mismunandi gerðir af vinnustólum fyrir starfsmenn. Á yngrideildum eru rafdrifin skiptiborð til að aðstaðan henti öllu starfsfólki. Einnig er trappa við skiptiborðin til að börnin geti sjálf klifrað upp á skiptiborðin.</p>	Of mörg börn saman á deildum Passa þarf aldursamsetningu og fjölda	Breytingar gerðar í kjölfar samtals við vinnuvernd	Mennt-og menningarsvið leiksólastjóri

<b>Skipulag</b> Leiksólinn var byggður og tekin í notkunn 2008. Sjá yfirlitsmynd hér að neðan.			
<b>Yfirborð gólf, loft og veggja</b> Veggir eru máælaðir í ljósum lit. Kerfisloft ó ollu húsinu meða í eldhúsi og þvottahúsi Gólf dúkalögð nema fatahernergi barnanna eru flísalögð	Komið að málningarvinnu - eðlilegu viðhaldi		Húsvörur
<b>Inniloft</b>			
<b>Hita og rakastig</b> Gólfhiti er í öllum rýmum og raka- og lofthreinsitæki í öllum vinnurýmum Í úttektarskýrslu kom fram að loftgæði voru til fyrirmyndar.	Oft þungt loft og raki á rigningardögum	Kominn opnalegur gluggi við útihurð	Leikskólastjóri þarf að fylgjast með.
<b>Almenn loftræsting</b> Inni á öllum rýmum í húsinu er notuð næturofnun á gluggum til að tryggja góð loftgæði. Einnig eru raka- og lofthreinsitæki í öllum vinnurýmum. Hvert rými leikskólans er haft með næturlökun á einum opnanlegum glugga lokunartíma leikskólans			Lokunarvakt
<b>Þrif</b> Dagleg þrif hafa til margra ára verið undir viðmiðum um góða / nauðsynlega ræstingu og er og hefur verið áratuga verkefni að finna betri farveg og niðurstöðu. Það samtal þarf að halda áfram til þess að auka gæði ræstingar	Viðhaldsmál		Húsvörður leikskólastjóri
<b>Sólarálag frá gluggum</b> Mikið sólaálag er á suðurhlið hússins, sólargardínur eru í öllum gluggum og myrkratjöld þar sem börnin hvílast.	Þarfnast endurnýjunar		Leikskólastjóri

<p><b>Tóbaksvarnir</b> Notkun tóbaks er með öllu óheimil í og við leikskólann.</p>			
<p><b>Verkstöðvar – líkamlegt álag/líkamsbeiting</b></p>			
<p><b>Álag á hreyfi- og stoðkerfi</b> Gera þarf úttekt á vinnustöðu og líkamsbeitingu starfsfólks og að það nýti þau léttitæki sem í boði eru í rýmum. Í fataherbergjum og inni á deildunum eru rúllustólar-hæðastillanlegir fyrir starfsfólkið til að setjast þegar þeir þurfa að aðstoða börn við að klæða sig. Á yngri deildum eru hæðarstillanleg skiptiborð. Vaskar fyrir starfsfólk er í réttri hæð.</p>			
<p><b>Vinnuaðstaða við verkstöðvar/verkefni</b> Rými er nægilegt til að vinna í heppilegum vinnustellingum en það getur reynst erfitt að koma að léttatækjum vegna þrengsla. Innréttingar eru flestar hentugar m.t.t. vinnuhæðar og seilingarfjarlægðar. Hæð á borðum og stólum hentar bæði börnum og fullorðnum. Vinnustólar/kollar eru fyrir alla.</p>			
<p><b>Að lyfta og bera</b> Á yngri deildum þarf starfsfólk meira að bera/halda á börnum. Léttatæki eru tilstaðar/stillanleg skiptiborð. Eldra húsnæði er komið til ára sinna og er oft þröngt um. Allir þröskuldar hafa verið fjarlægðir. Lyfta þarf barnahjólum í útiveru. Hæðarstillanlegir stólar/kollar eru fyrir starfsfólk þar sem húsgögn miðast við börn.</p>			
<p><b>Léttitæki</b> Stillanleg skiptiborð eru á yngri deildum, hjól á vögnum eru lítil þar sem ekki þarf að flytja þunga hluti eða undirlag er ójafnt. Hæðarstillanlegir stólar/kollar fyrir starfsfólk þar sem húsgögn miðast við börn.</p>		Betri bretti til flutninga	Leiksólastjóri
<p><b>Fræðsla – þjálfun</b> Ekki er regluleg eða skipulögð fræðsla og þjálfun í vinnutækni/líkamsbeitingu. Lögð er áhersla að fólk noti rétta líkamsbeitingu, hafi í huga hæfilega þyngd byrða og að forðist óþarfa álag, t.d. með því að láta börnin klifra sjálf í stað þess að lyfta þeim.</p>			

<p><b>Skipulag vinnunnar</b>  Vinnan á leikskólanum er mjög fjölbreytt og krefst þess að fólk sé vel á sig komið heilsufarlega séð og að það ráði við líkamlegt álag. Oft koma tímabil þar sem vinna þarf hratt og örugglega en sjaldnast í tímabringing? Starfsfólk er hvatt til að biðja um aðstoð ef það þarf á að halda, hvort em um er að ræða að bera þunga hluti eða skipta um vinnustellingar.</p>			
<p><b>Félagslegur og andlegur aðbúnaður</b></p>			
<p><b>Stjórnun</b>  Stjórnunarhættir leiksólans falla undir kenningar um dreifða stjórnun. Mannrækt, hjálpssemi og sveigjanleiki einkennir starfshætti leiksólans Sjá ytra mat menntamálastofnunar.  <a href="https://www.akrasel.is/static/files/leikskolinn_akrasel.pdf">https://www.akrasel.is/static/files/leikskolinn_akrasel.pdf</a>  <a href="https://www.akrasel.is/static/files/umbotaaaetlun-akrasel.pdf">https://www.akrasel.is/static/files/umbotaaaetlun-akrasel.pdf</a></p>			
<p><b>Athafnafrelsi, svigrúm, starfsþróun</b>  Starfsfólk er hvatt til náms og starfsþróunar. Á Skipulagsdögum fáum við reglulega til okkar fræðslu. Starfsfólk er hvatt til að vinna út frá sínum áhugasviðum og fær sjálft að velja sér teymi innan skólans út frá sínum áhuga.</p>			
<p><b>Upplýsingaflæði, boðleiðir, samskipti</b>  Fundargerðir eru settar í þar til gerða möppu á kaffistofu. Starfsmenn eru með fésbókarhóp sem er notaður til upplýsinga. Í leikskólanum eru starfandi bæði heilsueflingar teymi og skemmtinefnd. Þessar nefndi hafa báðar það hlutverk að búa til góðan starfsanda í húsinu. Starfsmannasamtölin eru tvö eitt við leikskólastjóra og annað við deildastjóra. Í þessum samtölum er farið yfir líðan starfsfólks í vinnunni. Það má alltaf biðja um auka samtöl ef þörf er á og stjórnendur skólans ávalt tilbúnir til samtals.  Við leggjum mikið upp úr góðum starfsanda og samskiptum.</p>			



<p><b>Krefjandi verkefni og aðstæður</b>  Starfsfólki býðst ráðgjöf frá sálfræðingi í erfiðum málum, einnig er gott aðgengi að starfsmönnum á mennta- og menningarsviði og mannauðstjóra Akraneskaupstaðar</p>			
<p><b>Endurmenntun, símenntun</b>  Starfsfólk er hvatt til náms og starfsþróunar.  Fjöldi starfsmanna sem hafa menntað sig til starfsins og eru í starfi gega skýra mynd af hvatningu og hliðrunum fyrir starfsmenn svo þeir geti stundað nám með vinnu.</p>			
<p><b>Smithætta</b></p>			
<p><b>Hreinlæti</b>  Við leggjum áherslu á mikilvægi handþvottar. Handspritt eru á öllum vinnusvæðum. Einnotahanskar eru einnig til staðar. Pappírspurrkur eru við handlaugar. Stuðst er við útgefið efni frá Almannavörnum Ríkisins eftir Covid faraldurinn.</p>			
<p><b>Smitleiðir</b>  Starfsfólk er hvatt til að vera heima ef það er veikt. Leikföng eru sótthreinsuð á vorin, um jól og þegar upp koma tilfelli sem krefst þess að leikföng séu þrífín oftari. Þessi þrif og önnur þrif eru skráð í dagbækur sem eru á hverri deild. Stuðst við útgefið efni Almannavarna Ríkisins eftir Covid</p>			
<p><b>Hávaði</b></p>			
<p><b>Hávaðavarnir</b>  Á öllum deildum eru veggspjöld og mottur á gólfum til að draga úr hávaða. Starfsfólki í eldhúsi hefur verið boðið að nota heyrnahlífar og í undirbúningsherbergi er boðið upp á heyrnartól. Allar deildir hafa til umráða dúka til setja á borð undir leikefni til að dempa hávaða. Mælitæki eru til sem nema hávaða og sýna með ljósum tíðni.</p>			
<p><b>Hávaðamörk og heyrnareftirlit</b>  Akrasel er 14 ára gamall leikskóli þar sem hljóðvist almennt góð. Á öllum deildum eru veggspjöld/ hljóðeinangri og mottur á gólfum til að draga úr hávaða.</p>			



Starfsfólki í eldhúsi hefur verið boðið að nota heyrnahlífar og í undirbúningsherbergi er boðið upp á heyrnartól. Allar deildir hafa til umráða dúka til setja á borð undir leikefni til að dempa hávaða.			
<b>Titringur</b>			
<b>Titringsvarnir</b> Allur búnaður er veggfestur			
<b>Efni og efnaáhrif</b>			
<b>Varasöm og hættuleg efni</b> Í eldhúsi eru varasöm efni vegna uppþvottavélar og eru þau geymd í lokaðri /læstri hirslu.			
<b>Geymsla efna</b> Varasöm og hættuleg efni eru geymd á öruggan hátt í þvottahúsi. Þvottahús er ávallt læst en þar eru efni tengd þvotti og ræstingu. Lítið er um hættuleg önnur efni í skólanum og eru efni sem börn eiga ekki að komast í geymd í efri hillum eða í skápum			
<b>Lýsing</b>			
<b>Almenn lýsing</b> Lýsing er almennt góð í skólanum með tilliti til dagsbirtu og raflýsingar.			
<b>Sérlýsing</b> Vinnuljós eru þar sem þess þarf			

### Öryggi:

Efnispáttur	Athugasemdir/ áhætta	Aðgerðir/ útbætur	Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili
<b>Húsnæði / Umhverfi</b>			
<b>Aðgengi</b> Aðgengi er gott í leikskólanum, rúmt um alla. Rafrifnar hurðaropnar eru á hurðum sem vísa út í garð leikskólans. Klemmuvarnir eru góðar í skólanum. Aðgengismál voru tekin út 2021 og úrbætur gerðar. Leiksólabyggingin þykir þægileg fyrir hjólastóla			

<p><b>Umferðaleiðir innandyra</b> Auðvelt aðgengi er á gangi og einnig inni á starfseiningunum</p>			
<p><b>Rýmingarleiðir</b> Inni í öllum rýmum er er neyðaropnun sem er vel merkt með miða sem á stendur flóttaleið. Passað er uppá að ekkert sé fyrir flóttaleiðum. Hver deild sem samanstendur af 2 rýmum hefur þrjár flóttaleiðir sjá brunaáætlun</p>			
<p><b>Umferðarleiðir utan dyra</b> Tvær akstursleiðir eru að bílastæði leikskólans og er önnur einstefna inn og hin einstefna út. Bílastæði og aðkoma að skólanum eru undirbúin fyrir opnun með því að salta og moka og síðan verða starfsmenn og foreldrar að sýna aðgæslu í illviðráðanlegum aðstæðum. Á gönguleiðum innan lóðar er snjóbræðslukerfi sem sér að mestu um hálkuvarnir en stundum þarf að salta aukalega og þá er til salt til þess.</p>	Umferðaröngþveiti á bílastæði á álagstíma.		Umhverfissvið águst 2022
<p><b>Öryggis- og heilbrigðismerki</b> Merktar eru leiðir við innkomu að leikskólanum einstefnu merki, allar rýmingarleiðir eru merktar. Slökkvitæki og annar búnaður er merktur</p>			
<p><b>Neyðarráðstafanir og forvarnir</b></p>			
<p><b>Neyðaráætlun, Brunaáætlun</b></p>			
<p><b>Slökkvibúnaður</b> Neyðarhnappar eru á öllum deildum. Slökkvitæki eru við alla útihurðir, eldvarnarteppi er í eldhúsinu og tvær brunaslöngur</p>			
<p><b>Skyndihjálparbúnaður</b> Sjúkrakassar eru inni á deildum, á miðsvæðinu og í eldhúsinu.</p>			

**Aðbúnaður:**

<b>Efnispáttur</b>	<b>Athugasemdir/ áhætta</b>	<b>Aðgerðir/ útbætur</b>	<b>Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili</b>
<b>Starfsmannarými</b>			
<b>Snyrtingar</b> Þrjú salerni eru í húsinu fyrir starfsfólk og einnig er salerni fyrir fatlaða sem hægt er einnig að nota fyrir starfsfólk.			
<b>Kaffi/matstofa</b> Á kaffistofu starfsmanna er góð aðstaða til hvíldar, þar er nuddsessa og tveir axlanuddpúðar, vatnsvél með köldu vatni og sódavatni, kæliskápur, teppi og púðar. Þar má einnig finna teygjur sem gott er að nota við ýmiskonar æfingar.			
<b>Búningsaðstaða</b> Góð aðstaða fyrir fatnað starfsmanna er í starfsmannainngang. Þar eru líka munaskápa sem starfsmenn geta nýtt undir veski, föt eða önnur verðmæti.			
<b>Hvíldaraðstaða</b> Á kaffistofu starfsmanna er góð aðstaða til hvíldar, þar er nuddsessa og tveir axlanuddpúðar, teppi og púðar			
<b>Ræsting</b>			
<b>Ræsting og þvottahús</b> Aðstæður í þvottahúsi eru góðar. Rými er langt og mjótt og gott pláss fyrir allt sem þarf að vera þar. Tvær þvottavélar og einn þurrkari eru í góðri vinnuhæð. Fráleggs- og vinnuborð ásamt stórum vaskahúsvask. Það eru tvær ræstikompur í skólanum ein í hvorri álmu. Þar eru vaskur, rými fyrir ryksugur og ræstivagna og hillur.			

## Aðrar öryggiskannanir:


Efnispáttur	Athugasemdir/ áhætta	Aðgerðir/ útbætur	Tímaáætlun/ ábyrgðaraðili
<b>Heilbrigðiseftirlitið</b>			
Skólinn var síðast tekinn út árið 2019			
<b>Úttekt á leiksvæði</b>			
Leiksvæðið er stórt, vel skipulagt og snyrtilegt. Leiksvæðið er vel afgirt. Tveir sandkassar eru á leiksvæðinu. Skipt er um sand í þeim 1x á ári. Bæta þarf sandi í sandkassana. Í nokkrum timburbyggingum á leiksvæðinu hefur tréverk fúnað og brotnað, þ.a. skrúfur standa út og geta valdið slysum. Þetta á m.a. við um klifurkastala fyrir eldri börnin og timburbyggingu sem er á leiksvæði fyrir yngri börnin. Lág girðing í kringum runna inni á leiksvæðinu er fúin. Efri festing á einni rólu er laus og öryggisfesting efst á körfurólu hefur losnað. Það þarf að laga þessar festingar sem fyrst. Kaðallinn í klifurnetinu er slitinn inn að vír. Í netinu stendur skrúfa langt út og getur valdið slysum. Á leiksvæðinu er "stauravirki" úr íslensku birki. Margir stauranna eru fúnir niðri við jörð og skal fjarlægja þá. Hliðið við innkeysluna inn á leiksvæðið er mjög illa farið af ryði. Setja þarf upp nýtt hlið. Leiksvæðið er á gömlu mýrasvæði og hluti lóðarinnar hefur sigið. Til stendur að endurhanna þennan hluta lóðarinnar. Bent skal á að leiksvæði við leikskóla eiga að vera vel drenuð og framræst svo vatn safnist ekki upp.	Nýtt hlið var sett 2022		Ábyrgð Umhverfis og tæknisviði Akraneskaupstaðar.
<b>Aðgerðaráætlanir</b>			
<b>Eineltisáætlun</b> Er aðgengileg á heimasíðu leikskólans	Endurgerð 2021 Endurskoðuð og uppfærð 2022		Leikskólastjóri Stöðugt endurmat
<b>Viðbragðsáætlun</b> Vegna jarðskjálfta / annarra hamfara Viðbragðsáætlunum Almannavarna ríkisins fylgt við útgáfu hverju sinni samanber COVID	Ekki til	Viðbragðsæfingar með börnum v. Ofsaveðurs Jarðskjálfta	Stjórnendateymi leikskólans, öryggisnefnd Haust 2023

<p><b>Eineltisteymi</b> Í eineltisteymi eru stjórnendur og eftir atvikum starfsmann deilda sjá eineltisáætlun</p>			
<p><b>Brunaáætlun</b> Er aðgengileg á heimasíðu leikskólans Endurgerð af leikskólastjóra Yfirfarin af Sigurði Þór Elíssyni varðstjóra slökkviliðs Akranes og Hvalfjarðasveitar 2021 <a href="https://www.akrasel.is/static/files/brunaaaetlun.pdf">https://www.akrasel.is/static/files/brunaaaetlun.pdf</a></p>		<p>Í stöðugri endurskoðun</p>	<p>Leikskólastjóri Öryggisnefnd</p>
<p><b>Almannavarnir</b> Fylgjum Almannaöörnum ríkisins. Á Covid tíma lærðum við að vinna eftir fyrirmælum Almannaöarna Ríkisins Sérstakar áætlanir um sóttvarnir og viðbrögð eru til en nýttust ekki í Covid. Breytingar á milli daga í faraldri kenndu okkur mikilvægi upplýsinga og samvinnu. Breytingastjórnun og skjót viðbrögð voru mikilvægust. Ábyrg samvinna við almannavarnir eru mikilvægari en nokkuð annað. Samskipti við ábyrgðaraðila</p>	<p>Viðbragðaáætlun almannaöarna er til í leikskólanum. Er í handbók allra deilda.</p>	<p>Mikilvægt að hafa aðgengi að upplýsingum. Nöfn og símanúmer öryggisnefnd aðgengileg fyrir alla tengda leikskólanum</p>	<p>Alltaf Leikskólastjóri Öryggisnefnd</p>
<p><b>Eineltisáætlun</b> var uppfærð árið 2022 þar sem skilgreind eru viðbrögð og verkferlar við einelti. Hún er aðgengileg á heimasíðu leikskólans <a href="https://www.akrasel.is/is/upplýsingar/oryggi/einelti">https://www.akrasel.is/is/upplýsingar/oryggi/einelti</a></p>	<p>Eineltisáætlunin verður endurmetin með reglulegu millibili</p>	<p>Hún kynnt á skipulagsdegi í ágúst ár hvert</p>	<p>Leikskólastjóri</p>
<p><b>Stefna og viðbragðsáætlun vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, Kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustað. Leikskólar Akraneskaupstaðar.</b> <a href="https://www.akrasel.is/static/files/adgerdaaetlun-gegn-einelti-kynferdislegri-areitni-kynbundinnar-areitni-og-ofbeldi-a-vinnustadnum-leikskolar-akraneskaupstadar-yfirfarid.pdf">https://www.akrasel.is/static/files/adgerdaaetlun-gegn-einelti-kynferdislegri-areitni-kynbundinnar-areitni-og-ofbeldi-a-vinnustadnum-leikskolar-akraneskaupstadar-yfirfarid.pdf</a></p>			

<p><b>Jafnréttisáætlun var gerð 2022</b> þar sem skilgreint er kynbundið ofbeldi og áreiti og viðbrögð ef til þess kemur. Jafnréttisáætlunin er aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar</p> <p>Er að jafnaði endurgerð á 4 ára fresti og skilað til jafnréttistofu, formið kemur tilbúið og fyllist út af hverri stofnun fyrir sig</p> <p><a href="https://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/jafnr_ttis_tlun_akraneskaupsta_ar">https://issuu.com/akraneskaupstadur/docs/jafnr_ttis_tlun_akraneskaupsta_ar</a></p> <p><a href="https://www.akrasel.is/is/upplýsingar/jafnretti/jafnrettisaaetlun">https://www.akrasel.is/is/upplýsingar/jafnretti/jafnrettisaaetlun</a></p>			Á vorönn. Leikskólastjóri
---	--	--	------------------------------

PRENTAD: m/innviðlagar, 21. október 2022 20:28:29

TEL: 420 3011 FAX: 422 3000 VEB: www.mannvit.is E-POST: mannvit@mannvit.is



ÚT.	DRÖG	DRÖGNUMER	NÁMUN	HEIÐ	SMÁUN
A	21.10.2020	I VENNELU	LÁ	LDB	

**MANNVIT**  
 Útvaldið 6 201 Klappavogi Sími 422 3000 Fax 422 3011  
 www.mannvit.is mannvit@mannvit.is 42 42672-0169  
 DÖG: UNDRISQAFIÐ F.Þ. MANNVITIS PÁNSÍÐI KT.

**RÆSTING STOFNANA**  
 AKRANESKAUPSTAÐUR

**AKRASEL**  
 1. HÆÐ

VERKNUMER 3.531.261-V21 SKO 1:- STOFN A4  
 TERNINGALEYÐ 3531261- V21 - CDR - 0201 ÚTSAGA 01

Akranesi 14.10.2022

Guðrún Bragadóttir, leiksólastjóri Akrasels.